Nd. **799. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43, 31. maí 1927.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar telur, að í frv. felist nokkur bót á ástandi því, sem nú er á fátækraframfærslunni, og að það geti hjálpað þeim hreppum, sem verst eru staddir nú í þeim efnum. Hinsvegar telur hann enga ástæðu til að nema burt þá hjálp, sem hingað til hefir verið veitt af ríkinu, enda þótt í hlut eigi stundum bæjar- eða sveitarfélög, sem hafa hlutfallslega létta fátækraframfærslu. — Leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 3. gr. Í stað „66. gr. orðist þannig“ komi: Á eftir 67. gr. komi ný grein, 68. gr., er orðist þannig.

3. Við 4. gr. Í stað „67. gr. orðist þannig“ komi: á eftir 69. gr. komi ný gr., er orðist þannig.

(Önnur greinatala frv. breytist skv. því).

Alþingi, 21. maí 1932.

| | | |
|---|---|---|
| Bergur Jónsson, form. | Sveinbjörn Högnason, fundaskr. og frsm. | Þorleifur Jónsson. |